Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

hornafjörður náttúrulega!

Umsögn um þingmál

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018

Umsagnaraðili:	Sveitarfélagið Hornafjörður
Dagsetning:	7.10.2026
Þingmálsnúmer:	FRN26040125

Almennt álit

Sveitarfélagið Hornafjörður lýsir yfir almennum stuðningi við þau meginmarkmið sem fram koma í frumvarpinu um að efla réttindi fatlaðs fólks, auka jafnræði í þjónustu á landsvísu og tryggja að framkvæmd þjónustunnar endurspegli ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sveitarfélagið fagnar því sérstaklega að festur sé í sessi réttur fatlaðra barna til að alast upp hjá fjölskyldu sinni og njóta þjónustu í nærumhverfi, sem og að lögfestar verði stuðningsáætlanir sem stuðla að samfellu og gæðum í þjónustu.

Þegar litið er til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á málinu frá því að upphafleg áform voru birt í júlí 2026 og þar til nú, kemur í ljós að mikið tillit hefur verið tekið til þeirra umsagna sem bárust í ferlinu. Sveitarfélagið Hornafjörður telur þó brýnt að gera athugasemdir við tiltekna þætti frumvarpsins sem varða stjórnsýslu- og skipulagslegar forsendur sveitarfélaga.

Athugasemdir við frumvarp til breytinga á lögum 38/2018

1. Lágmarksstærð þjónustusvæða (3. gr. frumvarpsins – 5. gr. laganna)

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að á hverju þjónustusvæði skuli í það minnsta 6.000 íbúar eiga lögheimili, nema ráðherra veiti undanþágu. Í 2. mgr. er kveðið á um að í undantekningartilvikum sé heimilt að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda ef næg fagþekking er til staðar, þ.e. að svæðið hafi yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki og stöðugildum í samræmi við umfang stuðningsþarfa. Í 3. mgr. er ráðherra síðan veitt vald til að mæla fyrir um bindandi samvinnu sveitarfélaga með auglýsingu í Stjórnartíðindum náist ekki samkomulag eða sé umsókn um undanþágu hafnað.

Sveitarfélagið Hornafjörður telur jákvætt að frumvarpið viðurkenni þörf á undanþáguheimild frá 6.000 íbúa lágmarkinu. Hins vegar telur sveitarfélagið

að orðalag 2. mgr. sé of þröngt skilgreint. Ekki má einskorða mat á undanþágu við tiltekinn fjölda stöðugilda innan stjórnsýslunnar heldur verður að horfa heildstætt til gæða þeirrar þjónustu sem veitt er, samfellu hennar, samþættingar við skóla- og félagsþjónustu sveitarfélagsins og landfræðilegrar legu. Sveitarfélagið leggur til að í ákvæðinu verði sérstaklega kveðið á um að líta skuli til landfræðilegrar þátta, samgöngutíma milli byggðakjarna og heildstæðs reksturs málaflokksins hjá hverju sveitarfélagi sem sæki um undanþágu.

Sveitarfélagið gerir athugasemdir við 3. mgr. greinarinnar þar sem ráðherra er veitt heimild til að þvinga fram bindandi samvinnu sveitarfélaga. Fyrir landfræðilega afmörkuð sveitarfélög eins og Sveitarfélagið Hornafjörð leiðir sameining þjónustusvæðis yfir langar vegalengdir ekki til aukinna gæða heldur getur hún aukið fjarlægð þjónustunnar frá notendum og eykur flækjustig í staðbundinni þjónustu. Sveitarfélagið leggur til að kveðið verði á um skýran farveg og ítarlegt samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög áður en til slíkra íþyngjandi stjórnvaldsfyrirmæla kemur, og að ákvörðun ráðherra skuli ætíð rökstudd með hliðsjón af hagsmunum notenda á viðkomandi svæði.

Niðurlag

Sveitarfélagið Hornafjörður styður heildarmarkmið frumvarpsins og vísar að öðru leyti til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um einstök efnisatriði þess.

Sveitarfélagið hvetur félags- og húsnæðismálaráðuneytið og Alþingi til að taka tillit til framangreindra athugasemda við 3. gr. frumvarpsins til að tryggja að lögin taki mið af fjölbreyttum veruleika íslenskra sveitarfélaga og að nálægð og gæði þjónustu í dreifðari byggðum verði ekki fórnað.